

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **09.05.2011**
Málsnúmer: **EVR11030067**
Bréfalykill: **3.1**

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stórar áhættur, verðbréfun o.fl.)

Ráðuneytinu hafa borist umsagnir við frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stórar áhættur, verðbréfun o.fl.), sem nú liggur fyrir Alþingi. Er umfjöllun umsagna í einhverjum tilfellum almenns eðlis. Hér á eftir fer umfjöllun um efni ákveðinna greina.

2.gr.

SFF telur að mikilvægt sé að tekið sé með skýrum hætti fram að hugtakið verðbréfun taki ekki til sértryggðra skuldabréfa (e. covered bonds).

Ráðuneytið tekur ekki undir með SFF þar sem sérlög gilda um sértryggð skuldabréf, sbr. lög nr. 11/2008.

3.gr. a

SFF og FME telja að í upptalningu í fyrsta málslið 1. mgr. vanti lánafyrirtæki, þar sem í 30. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/111/EB, sem ákvæðinu er ætlað að innleiða, er hugtakið "credit institution" notað. Þá er einnig bent á að það væri til bóta ef sett yrði í ákvæðið tilvísun til þess að fjármálafyrirtæki sem vísað er til þurfi að vera aðili að verðbréfun til að ákvæðið geti átt við. SFF og FME leggja því til breytt orðalag í 1. másl. 1. mgr. 3. gr. a.

SFF leggur til að í 2. mgr. verði bætt inn tilvísun til reglna Fjármálaeftirlitsins um verðbréfun, en lagt er til breytt orðalag.

Þá leggur FME til lítillega breytt orðalag í 2. mgr., en þar er í raun ekki um efnislegar breytingar að ræða.

Loks leggur Seðlabankinn til breytingar á orðalagi ákvæðisins, í þeim tilgangi að endurspegla betur það umhverfi sem greinin kemur inn í.

Ráðuneytið tekur undir flest ofangreind sjónarmið SFF, FME og Seðlabankans, og leggur til að ákvæðið verði svohljóðandi:

"Við útreikning á eiginfjárbörf bera viðskiptabanki, lánafyrirtæki, sparisjóður eða rafeyrisfyrirtæki, sem hvorki eru útgefandi (e. originator), umsýsuaðili (e. sponsor) né upphaflegur lánveitandi (e. originai lender), ekki útlánaáhættu í formi verðbréfunar, nema verðbréfunin uppfylli reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Við útreikning á eiginfjárbörf geta útgefandi, umsýsuaðili eða upphaflegur lánveitandi ekki undanskilið verðbréfun sem seld hefur verið öðrum aðila, nema útgefandi, umsýsuaðili eða upphaflegur lánveitandi haidið eftir ákveðnum hluta áhættunnar, í samræmi við reglur

Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 29. gr. d."

3. gr. c

FME vekur athygli á meintu misræmi milli 2. mgr. 3. gr. a frumvarpsins, sem tiltekur að *útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi* skuli halda eftir ákveðnum hluta áhættunnar, og 3. gr. c, sem kveður á um að í reglum Fjármálaeftirlitsins skuli m.a. koma fram hversu hátt hlutfall áhættu *útgefandi* skuli halda eftir.

Ráðuneytið tekur undir umsögnina og leggur til að 1. mgr. c-liðar 3. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

"Fjármálaeftirlitið skal setja nánari reglur um verðbréfun, þar á meðal um framkvæmd ákvæða 29. gr. b og 29. gr. c, þar sem m.a. kemur fram hversu hátt hlutfall áhættu útgefandi, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi skal halda eftir og um viðbrögð við viðvarandi lausafjárþurrð á fjármálamarkaði."

3. gr. d

FME bendir á að óparfi sé að vísa til 29. gr. b þar sem þar er ekki kveðið á um skyldu FME til að setja reglur. FME telur heppilegra að í stað þess að hafa sérstakt ákvæði um reglur FME, verði kveðið á um skyldu FME til setningar reglnanna í 3. gr. a, þ.e. lagt er til að 3. gr. a og c verði sameinaðar.

Með tilliti til þeirra breytinga sem eru lagðar til á 3. gr. a frumvarpsins getur ráðuneytið ekki tekið undir umsögnina.

5. gr.

SFF telur regluna í frumvarpinu enn ganga of langt varðandi heimild lögmannna til stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum. Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að takmarkanir á stjórnarsetu á lögmannsstörfum stjórnarmanna fjármálafyrirtækja fyrir annað fjármálafyrirtæki annars vegar og á stjórnarsetu hins vegar nái aðeins til þeirra tilvika þar sem hætta er á hagsmunaárekstrum. Umsögn Viðskiptaráðs er á svipuðum nótum, en það leggur einnig til að ákvæðinu verði breytt þannig að raunveruleg hætta á hagsmunaárekstrum verði látin ráða hvort aðili geti setið í stjórn eins fjármálafyrirtækis þrátt fyrir störf sín hjá öðru fjármálafyrirtæki.

Þá telur SFF einnig að ekki sé ljóst af ákvæðinu hvort einstaklingur sem situr í stjórn fjármálafyrirtækis í Evrópulandi sé sjálfkrafa útilokaður frá stjórnarsetu í íslensku fjármálafyrirtæki, þrátt fyrir að viðkomandi fyrirtæki starfi ekki á sama markaði. SFF leggur því til að kveðið verði skýrt á um þetta atriði í lögnum eða í lögskýringargögnum.

FME leggur til breytingu á 5. mgr. 52. gr. laganna, en lagt er til að ákvæðið verði orðað með sama hætti og í upphaflegu frumvarpi til laga nr. 75/2010, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki. FME telur það orðalag sem kemur fram í tillögunni samræmast betur tilgangi ákvæðisins.

FME leggur því til að 5. mgr. 52. gr. verði svohljóðandi:

"Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis, váttryggingafélags eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða dóttur- eða hlutdeildarfélag fjármálafyrirtækisins eða félag sem er dótturfélag eða hlutdeildarfélag félags með yfirráð í fjármálafyrirtækinu. Sama gjildir um lögmann móðurfélags."

Ráðuneytið tekur ekki afstöðu til umsagnanna.

7. gr.

SFF og Viðskiptaráð leggja til að ákvæðið verði fellt brott og nógildandi ákvæði laganna haldist óbreytt, þannig að áfram verði birt samtala launakjara viðkomandi í ársreikningi. Í athugasemdum þeirra kemur m.a. fram að það beri að skoða ákvæðið út frá mögulegri samkeppni um starfsmenn og mögulegum áhrifum á skilgreiningu lykilstarfsmanna. Bent er á að auðvelt geti verið að yfirbjóða í góðan starfsmann ef aðgangur að launagreiðslum er opin.

Nógildandi ákvæði 3. mgr. 87. gr. er svohljóðandi:

"Í ársreikningi skal tilgreina upplýsingar um launagreiðslur og hvers konar greiðslur eða hlunnindi félagsins til hvers og eins stjórnarmanns og framkvæmdastjóra. Jafnframt skal í ársreikningi tilgreina upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna auk upplýsinga um fjölda þeirra."

Ráðuneytið tekur ekki afstöðu til umsagnanna.

8. gr.

Í bréfi SFF er m.a. tekið fram að auk breytinga á viðurlagaákvæðum laganna til samræmis við þær breytingar sem eru lagðar til í frumvarpinu séu gerðar aðrar ótengdar breytingar á refsheimildum. Ekki er að finna nánari skýringu á því í bréfinu hvað sé átt við með þessu, en ráðuneytið vill leggja áherslu á að breytingarnar sem eru lagðar til í b-c og e-lið eru gerðar til samræmis við breytinguna í a-lið ákvæðisins, þ.e. í þeim tilgangi að samræma orðalag viðkomandi töluliða orðalaginu sem lagt er til í a-lið ákvæðisins.

SFF og Viðskiptaráð leggja til að orðalagið "eftir atvikum" í a-lið ákvæðisins verði fellt brott þar sem um opna og óskýra refsheimild sé að ræða sem gefi mögulega til kynna að Fjármálaeftirlitið hafi frjálst val um setningu refsheimilda.

Ráðuneytið tekur undir með SFF og Viðskiptaráði og leggur því til að a-lið 8. gr. verði breytt þannig að hann verði svohljóðandi:

"Við inngangsmálslið bætist: eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra."

9. gr.

SFF og Viðskiptaráð leggja til að b-liður 9. gr., sem vísar til 19. gr. laganna (góðir viðskiptahættir og venjur), falli brott þar sem 1. mgr. 19. gr. laganna feli í sér opna og matskennda vísireglu um viðskiptavenjur sem geti varla staðist kröfur um skýrleika refsheimilda.

SFF hvetur einnig til þess að fenginn verði sérfræðingur í refsirétti til að fara yfir refsheimildir frumvarpsins og laganna í heild til að tryggja að þær standist kröfur um skýrleika refsheimilda.

Ráðuneytið vill benda á að í 3. tölul. 1. mgr. 112. gr. b. nógildandi laga um fjármálafyrirtæki er tekið fram að brot gegn 2. mgr. 19. gr. laganna geti varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Með tillögu að breytingu á töluliðnum var hugsunin ekki sú að víkka út gildissvið ákvæðisins heldur er um að ræða lagfæringar vegna tillagðra breytinga á a-lið ákvæðisins.

Ráðuneytið getur fallist á það sjónarmið að það sé óþarft að vísa til ákvæðisins í heild og leggur því til að eingöngu verði vísað til 2. mgr. 19. gr., líkt og gert er í nógildandi lögum.

Ráðuneytið leggur til að a-lið 9. gr. verði breytt til samræmis við breytingarnar sem eru lagðar til á a-lið 8. gr., og yrði hann þá svohljóðandi:

"Inngangsmálsliður orðast svo: Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggja þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra."

12. gr.

FME telur heppilegra að þau viðmið og aðferðir sem eru nefnd í 2. mgr. ákvæðisins væru sett í þær

reglur sem FME ber að setja skv. 3. gr. c og væri þá 2. mgr. ákvæðisins óþörf.

Ráðuneytið getur ekki tekið undir umsögn FME þar sem tilgangurinn með ákvæðinu er að gefa FME ákveðinn tímaramma, í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, til að blrta upplýsingar um almenn viðmið og aðferðir í samræmi við 3. gr. a eða reglna FME skv. 3. gr. c.

Í nokkrum tilvikum voru lagðar til breytingar á athugasemdum í greinargerð. Ráðuneytið vill benda á að í einhverjum þessara tilvika mætti ef til vill taka undir þessar tillögur í nefndarálit.